

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 21. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/548/EB að því er varðar niðurfellingu á tilteknum gerðum leigulína úr lágmarkssamstæðu leigulína ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/548/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0060:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 21. desember 2007 (Stjttíð. ESB L 15, 18.1.2008, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/60/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 15, 18.1.2008, bls. 32.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.